Eik fasteignafélag hf.
Álfheimum 74
104 Reykjavík

3. mars 2016

Staðfesting og könnun PwC á útreikningum sérstakra skilyrða skuldabréfaflokksins EIK 12 01

Í tengslum við þjónustusamning PricewaterhouseCoopers ehf. („PwC“) við Eik fasteignafélag hf. („Eik“), undirritaður 19. september 2012, birtir PwC hér niðurstöður í tengslum við hlutverk sitt sem eftirlitsaðili vegna skuldabréfaflokksins EIK 12 01.

Eftirlitsaðili skal staðfesta og kanna sjálfstætt útreikning útgefanda (Eik) á sérstökum skilyrðum, þ.e. sjóðstreymis- og eiginfjárkvöðum og fjárhæð tryggingabréfa, eins og þau eru skilgreind í skuldabréfaflokknum. Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörsdegi og rekstarliðir við undangengna tólf mánuði frá uppgjörsdegi. Staðfestingin og könnunin skiptist í sérstök fjárhagsleg skilyrði og tryggingaskilyrði sbr. hér að neðan.

Fjárhagsleg skilyrði		**Skilyrði**	**Niðurstaða útreiknings**	**Skilyrði staðist**
Sjóðstreymiskvöð:	Hreinar leigutekjur deilt með reiknuðum vöxtum á tólf mánaða tímabili.	Aldrei lægra en 1,5	2,31	**Já**
Eiginfjárkvöð:	Eiginfjárhlutfall án óefnislegra eigna á prófunardegi.	Aldrei lægra en 18%	33,8%	**Já**
Tryggingaleg skilyrði				
Sjóðstreymiskvöð:	Hreinar leigutekjur veðandlagsins deilt með reiknuðum vöxtum af nettó veðskuldum (án verðbóta og gengisbreytinga) á tólf mánaða tímabili.	Aldrei lægra en 1,65	2,61	**Já**
Veðsetningarhlutfall:	Hlutfall nettó veðskulda miðað við bókfært virði veðandlagsins.	Aldrei hærra en 75%.	60,62%	**Já**

PwC staðfestir hér með að skuldabréfaflokkurinn EIK 12 01 stenst öll ofangreind skilyrði miðað við dagsetninguna 31.12.2015.